

Dagskrá

1. Bögn og aflausnarbæn

Oddamaður **setur** fundinn. Hann stjórnar lengd þagnar og fer síðan með **aflausnarbæn** sem öðrum er svo frjálst að taka þátt í.

2. Kynning deildarfulltrúa

Oddamaður kynnir sig, svo gengur kynning réttisælis. Deildarfulltrúar kynna sig með nafni og frá hvaða deild þeir koma. Ef þeir hafa tekið að sér starf s.s. ritari eða gjaldkeri fyrir hverfisnefnd fylgir það með.

Oddamaður parar saman nýliða og leiðbeinanda t.d. eftir kynningu deildarfulltrúa með

"Byður einhver sig fram til að leiðbeina X um tilgang og starf innan hverfisnefndar?"

3. Kynning á hugtaki og erfðavenju

Stutt kynning á einu hugtaki og einni erfðavenju.

Þegar kynningunni er lokið er einhver fengin til að taka að sér kynningu fyrir næsta fund. Það getur verið einhver einn aðili eða fleiri sem skipta með sér verkum.

4. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar

Allar ósamþykktar fundargerðir eru sendar út á póstlista hverfisnefndar eftir hvern fund. Til þess að spara tíma eru allir deildarfulltrúar hvattir til að lesa fundargerð hvers fundar yfir og vera tilbúnir með athugasemdir á fundinum ef einhverjar eru. Þetta hefur í för með sér að allir fulltrúar ættu að vera inni í öllum málum. Fundargerð er sjálfkrafa samþykkt ef engar athugasemdir koma fram.

5. Skýrslur nefndarmanna hverfisnefndar (oddamaður, gjaldkeri og ritari)

Hér koma fyrir skýrslur frá gjaldkera, ritara og oddamanni. Þær fjalla fyrst og fremst um stöðu mála, svo sem **fjármálastöðu** hverfisnefndar, **fundargerðarstöðu** og **vefsíðu**. Einnig ef einhver **formleg málefni** hafa borist oddamanni milli funda. Öllum er frjálst að spyrja út í skýrslur þjóna, og í raun hvattir til að gera það ef eitthvað er óljóst, en það eru þó vinsamleg tilmæli til allra að halda sig við efnið. Það eru aðrir liðir til að taka fyrir ný mál og ræða þau fram og til baka.

Guð, við bjóðum þér inn til okkar, til að leiðbeina og stýra okkur er við leitum sannleika yðar.

Góði Guð, vinsamlegast leggðu til hliðar, í hverju okkar, það sem hindrar okkur í að finna sannleikann.

Leggðu til hliðar fordóma okkar um það sem við höldum að við vitum um þessar aðgerðir, þennan fund og andlegt ástand okkar.

Fjarlægðu ótta okkar Guð, svo við getum heyrt sannleika þinn í gegnum aðra meðlimi Hverfisnefndar.

Gefðu okkur styrk og hugrekki til að deila þínum sannleika með hvor öðru í sönnum anda kærleika og samúðar með náunganum.

6. Skýrslur nefnda

Þær nefndir sem Hverfisnefnd hefur haft eru tvær. Málþingsnefnd og Vefsíðu og upplýsinganefnd

Málþingsnefnd – Sér um málþing. Skipuð með 2-3 mánaða fyrirvara

Vefsíðu- og upplýsinganefnd – Sér um viðhald á vefsíðu Hverfisnefndar

7. Sérstakir gestir

Þetta er pláss í fundarsköpum til að ræða við gesti sem hverfisnefnd hefur boðið sérstaklega á fundinn, t.d. fulltrúa Landsþjónustu, skrifstofu AA eða eitthvað í þeim dúr. Hér er ekki verið að ræða um gesti sem koma á eigin vegum til að kynna sér starf hverfisnefndar þó þeir séu að sjálfsögðu hjartanlega velkomnir.

8. Skýrslur deilda *Hér gefst deildarfulltrúum tækifæri til að kynna hvað þeirra deildir séu að gera og hvað sé á döfinni. Einnig ef eitthvað sem deildarfulltrúar vilja fá svar við frá hverfisnefnd er hægt að leggja inn fyrirspurnina hér, en hún verður tekin fyrir liðnum yfir ný mál.*

9. Gömul mál

Þessi liður er í raun á könnu ritara og oddamanns að halda utan um. Ef eitthvað frá seinasta fundi eða eldra er enn óafgreitt eða í vinnslu er umræðu haldið áfram hér og afgreidd á þann hátt sem fundinum finnst æskilegast.

10. Ný mál

Hér eru öll formleg málefni sem berast Hverfisnefnd rædd, nema að oddamaður hafi náð að útkljá þau jafnóðum. Annars er hægt að ræða allt sem fólk vill taka fyrir. Hvort sem það eru hugmyndir sem fram komu frá skýrslum þjóna, skýrslum nefnda, frá gestum eða fyrirspurnir frá AA deildum. Eða eitthvað allt annað.

11. AA tilkynningar

Tækifæri til að láta vita af AA viðburður af einhverju tagi.

12. Slitið með æðruleysisbæn

Oddamaður slítur fundi með því að bjóða öllum að taka þátt í æðruleysisbæn.